

## Nautgripasæðingar 2021

Sveinbjörn Eyjólfsson  
NBI ehf, Hesti

Hér kemur skýrsla þar sem fjallað er um sæðingastarfsemina á árinu 2021 og nokkrar lykiltölur bornar saman við fyrri ár. Þá er reynt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga í hverjum landshluta.


Við reynum að nota alla þá möguleika sem huppa.is og önnur kerfi bjóða upp á til að komast sem næst raunveruleikanum en aldrei er hægt að fullyrða að allt sé alveg rétt. Í þessari skýrslu reynum við að komast enn nær ýmsum þáttum svo sem hlutfallslegri þátttöku í starfinu, fanghlutfalli og fjölda fyrstu sæðinga. Ný nálgun gerir það einnig að verkum að nokkrar tölur frá fyrri árum hafa verið endurskoðaðar. Glöggir lesendur munu greina það um leið og lesið er. Við höfum haldið áfram endurskoðun á heimildum. Nú er gripafjöldi kúa og kvígna tekinn úr huppa.is en ekki úr hausttalningu ársins á undan. Reyndar telur huppa kvígur 12 mánaða og eldri þar til þær bera í fyrsta sinn og breytast í kúr. Það gefur miklu hærri tölu er hausttalningin sem taldi kelfdar kvígur. Vegna þessa helminga ég fjölda kvígna og tel mig þá nærri raunveruleikanum.

Við skulum skoða þróun í fjölda sæðinga á síðustu árum. Kúm fjölgar um rúmlega 300 á árinu 2021 Óvarlegt er að fjölyrða um fjölgun eða fækkun kvígna vegna þess að nú eru tölur teknar úr huppa.is en ekki úr búfjártalningu. Við reiknum þó með að þeim hafi heldur fjölgað. Vegna þessarar fjölgunar hefur fyrstu sæðingum einnig fjölgað og eru nú rúmlega 26 þúsund. Heildar fjöldi sæðinga er minni nú en í fyrra. E.t.v. má rekja það til þess að metið fanghlutfall hefur hækkað en kannski eru aðrir þættir sem ráða því. Á meðan að fyrstu sæðingum fjölgar erum við á réttri leið þó langt sé í að ásættanlegur árangur náist.

Ár	1. sæðing	Hlutfallsleg breyting frá 2012	Allar sæðingar	Hlutfallsleg breyting frá 2012
2012	25.458		43.590	
2013	25.950	2%	45.431	4%
2014	27.660	8%	50.248	15%
2015	28.993	13%	52.862	21%
2016	28.062	10%	49.848	14%
2017	29.376	15%	49.055	12%
2018	27.028	6%	46.660	7%
2019	27.017	6%	48.176	10%
2020	25.559	0%	46.027	5%
2021	26.109	2%	45.156	3%

Á árinu 2021 voru sæddar 26.109 (25.559) kúr/kvígur 1. sæðingu eða 77,8 af hundraði (78,3) af heildarfjölda kúa og kvígna samkvæmt huppa.is um síðustu áramót. Árin á undan hefur verið miðað við tölur úr búfjártalningu árið á undan og þess vegna eru tölur ársins 2021 ekki alveg samanburðarhæfar við tölur fyrri ára. Það breytir ekki því að við eigum mikið inni og getum bætt þátttöku í sæðingum, grundvallaratriði kynbóta, mikið enn.

Mynd 1 sýnir metinn árangur sæðinga áráanna 2009 til 2021, sem þýðir að kýrin kom ekki til endursæðingar innan 56 daga frá sæðingu. Þessi samanburður sýnir að metið fanghlutfall hefur hækkað um 2 af hundraði á milli ára. Það er auðvitað ánægjulegt. En við eigum öll að stefna að því að gera enn betur og til þess höfum við möguleika. Það sem hefði mátt vera mun betra á síðasta ári er metið fanghlutfall við ungnautum, en við komum nánar að því síðar.



Tafla 1 sýnir árangur sæðinga eftir svæðum sl. þrjú ár. Fjöldi sæðinga sem kemur til mats fellur enn. Metinn árangur batnar sem er gott. Það sem ræður mestu um betra gengi er betri metinn árangur Sunnlendinga. Þar er kúafjöldinn svo mikill að það munar mikið um 2% hækkun í Rangárvallasýslu og 3% í Árnessýslu. Sama má segja um Skagafjörð, Eyjafjörð og S-Þing. Þar hækkar metið hlutfall umtalsvert.

Samanburður milli áráanna 2019, 2020 og 2021						
Búnaðar-samband	2019		2020		2021	
	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur
Kjalnesinga	291	61%	305	64%	312	69%
Borgarfjarðar	1.771	64%	1.724	65%	1.637	65%
Snæfellinga	631	68%	660	63%	683	70%
Dalamanna	298	66%	225	69%	223	67%
Vestfjarða	439	77%	439	75%	451	74%
Strandamanna	92	79%	68	78%	69	77%
V-Hún.	507	68%	500	70%	466	66%
A-Hún.	834	74%	787	76%	783	78%
Skagafjarðar	2.277	67%	2.475	64%	2.283	67%
Eyjafjarðar	4.503	69%	4.446	67%	4.466	71%
S-Þing.	1.257	65%	1.222	58%	1.220	64%
Austurlands	867	62%	833	62%	846	61%
A-Skaft.	429	68%	390	73%	383	67%
V-Skaft	537	70%	526	69%	542	68%
Rangárvallas	3.650	67%	3.216	66%	3.237	68%
Árnessýsla	5.318	60%	5.081	61%	5.031	64%
<b>Landið</b>	<b>23.701</b>	<b>66%</b>	<b>22.897</b>	<b>65%</b>	<b>22.632</b>	<b>67%</b>


Alltaf er fróðlegt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga. Næstu þrjú yfirlit sýna hlutfallslega notkun og miðað er við fjölda kúa og kvígna í hausttalningu árið á undan fyrir árin 2019 og 2020 en fyrir árið 2021 eru nýttar tölur úr huppa.is . Auðvitað er erfitt að nýta eldri tölur í svona samanburði því fækkun eða fjölgun milli ára skilar sér seint.

<b>2019</b>				<b>2019</b>	<b>Hlutfall</b>
<b>Búnaðar-</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Samtals</b>	<b>1.sæðing</b>	<b>sætt</b>
<b>samband</b>	<b>Kúa</b>	<b>Kvígna</b>			
Kjalnesinga	311	70	381	308	80,84%
Borg/Snæ	3.028	595	3623	3.013	83,16%
Dalamanna	447	49	496	385	77,62%
Vestfjarða	618	142	760	483	63,55%
Strandamanna	83	14	97	94	96,91%
V-Hún.	559	164	723	549	75,93%
A-Hún.	923	248	1171	983	83,95%
Skagafjarðar	2696	689	3385	2.693	79,56%
Eyjafjarðar	4818	1045	5863	4.878	83,20%
S-Þing.	1463	343	1806	1.448	80,18%
Austurlands	984	182	1166	1.017	87,22%
A-Skaft.	469	93	562	468	83,27%
Suðurlands	10.078	2.397	12475	10.698	85,76%
<b>Landið</b>	<b>26.477</b>	<b>6.031</b>	<b>32.508</b>	<b>27.017</b>	<b>83,11%</b>


<b>2020</b>				<b>2020</b>	<b>Hlutfall</b>
<b>Búnaðar-</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Samtals</b>	<b>1.sæðing</b>	<b>sætt</b>
<b>samband</b>	<b>Kúa</b>	<b>Kvígna</b>			
Kjalnesinga	311	110	421	324	76,96%
Borg/Snæ	2.969	714	3683	2.962	80,42%
Dalamanna	427	128	555	299	53,87%
Vestfjarða	591	137	728	484	66,48%
Strandamanna	83	14	97	79	81,44%
V-Hún.	556	150	706	532	75,35%
A-Hún.	941	230	1171	883	75,41%
Skagafjarðar	2688	833	3521	2.845	80,80%
Eyjafjarðar	4839	1097	5936	4.731	79,70%
S-Þing.	1418	340	1758	1.342	76,34%
Austurlands	990	206	1196	934	78,09%
A-Skaft.	427	111	538	477	88,66%
Suðurlands	9.974	2.436	12410	9.739	78,48%
<b>Landið</b>	<b>26.214</b>	<b>6.506</b>	<b>32.720</b>	<b>25.631</b>	<b>78,33%</b>

<b>2021</b>					
<b>Búnaðar-</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>		<b>2021</b>	<b>Hlutfall</b>
<b>samband</b>	<b>Kúa</b>	<b>Kvígna</b>	<b>Samtals</b>	<b>1.sæðing</b>	<b>sætt</b>
Kjalnesinga	340	94	434	321	73,96%
Borg/Snæ	2.844	798	3642	2.763	75,86%
Dalamanna	364	111	475	311	65,47%
Vestfjarða	575	204,5	779,5	518	66,45%
Strandamanna	87	22	109	70	64,22%
V-Hún.	538	173,5	711,5	520	73,09%
A-Hún.	972	285,5	1257,5	858	68,23%
Skagafjarðar	2.881	752	3633	2.762	76,03%
Eyjafjarðar	5.042	1.213	6254,5	4.839	77,37%
S-Þing.	1.473	391	1864	1.369	73,44%
Austurlands	946	262,5	1208,5	948	78,44%
A-Skaft.	405	144,5	549,5	450	81,89%
Suðurlands	9.733	2.948	12681	10.400	82,01%
<b>Landið</b>	<b>26.200</b>	<b>7.399</b>	<b>33.599</b>	<b>26.129</b>	<b>77,77%</b>


Á mynd 2 má sjá fjölda 1. sæðinga eftir mánuðum síðastliðin þrjú ár. Flestar sæðingar eru nú í mars og næst flestar í apríl. Janúar og febrúar eru ekki langt undan. Eins og áður eru sæðingar í september færstar, einungis 1.560 á síðasta ári




Mynd 3 sýnir hlutfallslegan fjölda sæðinga eftir mánuðum. Ekki koma fram miklar breytingar milli ára nema hvað september fellur enn. Myndin sýnir enn betur en fjöldatölur hversu stórt hlutfall sæðinga fer fram á fyrstu mánuðum ársins.



Á mynd 4 má sjá metið fanghlutfall í hverjum mánuði. Hæst er metið fanghlutfall í mars og júlí eða 70 af hundraði. Lægst fer það í janúar 64% og febrúar 63%. Miðað við fyrri ár má sjá nokkra bætingu seinni hluta ársins og vonin er að hún haldi áfram. Sá toppur sem kom í metna fanghlutfallið yfir sumartímann hér áður er svona aðeins að koma til baka. Því ber að fagna.



Á mynd 5 má sjá að alls voru 30 (29) óreynd naut notuð í 150 eða fleiri fyrstu sæðingum árið 2021. Meðalfanghlutfall þeirra er 68 (67) af hundraði sem er einum af hundraði hærra en í fyrra. Fimm naut hafa metið fanghlutfall lægra en 65 af hundraði, sem er tala sem við viljum ekki sjá. Gormur 19026 gerir okkur mikinn óleik og hefur metið fanghlutfall upp á 56 af hundraði. Þar má búast við að eitthvað hafi verið að og að „lélegt“ sæði hafi verið sett í drefingu. Smá samanburð má sjá frá fyrra ári því fjögur naut eru á báðum listum. Það eru Váli 19001, Seifur 19003, Smyrill 19005 og Bessi 19007, Fanghlutfall þeirra er svipað bæði árin en færast þó aðeins til. Þetta árið var lítið notað af langlífú sæði og er það ekki tekið út til að skoða sérstaklega.




Á árinu 2021 fengum við heimsókn frá Spermvital í Noregi. Það var aðeins notað langlífú sæði í lok ársins en við skoðum það betur í ársskýrslu fyrir árið 2022.

Á mynd 6 má sjá að á árinu 2021 voru notuð 26 (25) reynd naut, í 100 1. sæðingum eða fleiri. Árangur þeirra sést á mynd hér fyrir neðan en hann er að meðaltali 67 (63) af hundraði, sem er mun betra en árið áður og ræður mestu um hærra metið fanghlutfall á árinu 2021. Þrjú naut fá mat undir 60 af hundraði, sem er auðvitað vont. Í janúar 2017 byrjum við að setja sæði í mini strá ( 0,25 ml) og eftir því sem þessi mynd sýnir þá virðist halda betur með þeim nautum sem fryst voru í mini stráum. Engu er þó hægt að slá föstu í þeim efnum fyrir en meiri reynsla kemur þar á.

Mynd 6

## Árangur, reynd naut 2021 100 eða fleiri sæðingar



Við á stöðinni viljum gjarnan sjá metinn árangur af sæðingum vaxa og batna og vilji okkar stendur til þess. Það er gleðilegt að sjá árangur hækka um tvo af hundraði en með samstilltu átaki getum við betur. Við sjáum að árangur er misjafn milli nauta, misjafn milli bóa, misjafn milli héraða og misjafn milli frjótækna. Þannig hefur það alltaf verið og verður trúlega áfram. En umfram allt verðum við að hafa trú á sæðingum og halda áfram að taka þátt í þeim til áframhaldandi kynbóta á íslenska kúastofninum.

Rétt er að ítreka að allar tölur hér eru metnar og raunveruleikinn stundum annar.

Það er hlutverk okkar hér á stöðinni að að framleiða og láta frá okkur gott og heilbriggt sæði. Við vinnum hörðum höndum við að bæta öll vinnubrögð hér og náum þannig nær því markmiði. Við söknum þess að hafa ekki dýralækni hjá okkur lengur í föstu starfi en við reynum okkar besta.

Eftir því sem fram kemur í huppa.is þá voru það 44 frjótækna sem skráðu sæðingar á árinu 2021. Þar af voru 6 konur.

Einn sæðingamaður skráði 3 sæðingar en sá sem var með flestar sæðingar var Andri Már Sigurðsson í Eyjafirði (og að hluta í S-Þing) eða 4.078 sæðingar. Þar af voru 2.488 fyrstu sæðingar og þar af 2.270 fyrstu sæðingar sem voru teknar til mats hvað varðar metið fanghlutfall. Og metið fanghlutfall hjá Andra er 71 af hundraði, sem verður að teljast mjög gott.

Af þeim frjótæknum sem framkvæmdu meira en þúsund sæðingar á árinu 2021 var Rafn Arnbjörnsson í Eyjafirði með «bestan» árangur. Hjá honum komu 1.577 sæðingar til mats og var metið fanghlutfall 73 af hundraði. Það er auðvitað frábær árangur. Þá var eftirtektarvert að af þeim sæðingum var jafnt hlutfall af reyndum og óreyndum nautum eða 49 af hundraði.

Þeir sem komu næstir Rafni að árangri eru fyrrnefndur Andri og svo Guðmundur Jón Skúlason með 69 af hundraði og Hermann Árnason með 68 af hundraði.

Þegar litið er til allra sæðinga sem komu til mats á árangri kemur í ljós að 55 af hundraði eru framkvæmdar með sæði úr reyndum nautum en ekki nema 43 af hundraði með sæði úr óreyndum nautum. Hlutfallið 55/43 er of langt frá kynbótaskipulagi sem gerir ráð fyrir að nýting á þessu sæði sé jöfn. Hér verðum við að taka okkur tak. Öll sem eitt.

Fimmta árið í röð ætla ég að nefna þann frjótækni sem hefur bestan metinn árangur. Úrvalið eru allir frjótækna sem sæddu fleiri en 200 fyrstu sæðingar á síðasta ári. Samkvæmt huppa.is er Gísli Geirsson á Mosfelli efstur með 781 sæðingu (783 sæðingar í fyrra) og metið fanghlutfall upp á 78 af hundraði. Betur verður varla gert.